

SOS BARNAPORPIN

Fréttablað 1. tbl. 19. árg. 2013

50 ÁR Í SUÐUR KÓREU

Endurbætur á Haítí Íslensk fyrirtæki og
SOS Barnaporpin

Hvernig hjálpar maður sárafátækum til sjálfshjálpar?



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili



Ingvi Þór Kormásson lagahöfundur,
Jóhann Ásmundsson bassaleikari og
hljóðmeistari, Íris Guðmundsdóttir
söngkona og textahöfundur



LATÍNUDEILDIN TIL STYRKJAR SOS

SOS Barnaþorpin eru með í sölu tvöföldu geisla-
plötuna Latínudeildina. Helmingur söluverðs diskanna
rennur beint til hjálparstarfs SOS Barnaþorpanna
meðal munaðarlausra og yfirgefinna barna í Suður
Ameríku.

Tónlistin er öll með brasilískri eða kúbanskri hrynjandi; bossanova,
samba og salsa. Rómantísk og stundum eldfjörug poppmúsík með
nokkrum jazzáhrifum. Platan er tvískipt, fyrri hlutinn er með íslenskum
textum eftir ýmsa höfunda en hinn seinni með enskum textum eftir JJ
Soul og einum á portúgölsku eftir Jussanam. Öll tónlist er eftir Ingva
Þór Kormásson. Helmingur söluverðs rennur til SOS í S-Ameríku.

Diskarnir kosta kr. 2.850 og eru til sölu í netverslun SOS
Barnaþorpanna (*Ég vil styrkja – Vörur til sölu*) og á skrifstofu
samtakanna Hamraborg 1 í Kópavogi. Ef pantað er á netinu bætast við
póstburðargjöld.


Úr umsögnum:

„Valinn maður í hverju rúmi, en sérstaklega
finnst mér blástur vel útfærður og
slagverk... einvalalið tónlistarmanna...
útsetningarnar ná að skapa þekkilegan
heildarsvip. ..vel samín (lög) og vel flutt.“

– Árni Matthíasson, Morgunblaðið (Nóv. 2012)

„Hér eru sextán lög, mörg þeirra stórfín.
(Platan er) ágætlega heppnuð og rennur
ljúft í gegn. Hún ætti að falla í kramið hjá
þeim sem hafa gaman af ljúfri latín-
tónlist.“

– Trausti Júlíusson, Fréttablaðið (Des. 2012)



SOS Barnaþorpin eru með
starfsemi í allflestum löndum
Suður-Ameríku



Mæðgurnar Alda og Lena. Pappírinn sem Alda heldur á er viðurkenningarskjal fyrir þátttöku í tekjuöflunarnámskeiði fyrir forráðamenn barna.

Þvílíkt og annað eins bros. Það eru forréttindi að fá að hitta svona manneskju.

En mikið er sorglegt að Lena litla skuli þurfa að liggja í fleti sínu allan daginn – alla daga. Hún er bara níu ára gömul og á alla framtíðina fyrir sér. En hún er mikið fötluð eftir erfið veikindi sem hún gekk í gegnum fyrir nokkrum árum og getur hvorki talað né gengið. Ólíklegt er að hún eigi nokkurn tímann eftir að setjast á skólabekk eða geta séð fyrir sér sjálf.

Alda móðir hennar er bláfátæk. Hún gat ekki veitt dóttur sinni þá aðstoð sem hún hefði þurft þegar veikindin létu fyrst á sér kræla. En það þýðir ekkert að velta sér upp úr fortíðinni.

Í dag njóta þær mæðgur stuðnings Fjölskylduefingar SOS í heimaborg sinni Bissá, höfuðborg Vestur-Afríkurríkisins Gíneu Bissá. Verkefnið er að fullu fjármagnað með fé íslenskra styrktaraðila. Þó svo að veikindi Lenu litlu verði ekki tekin til baka getum við gert henni lífið bærilegra og hjálpað móður hennar að afla sér tekna svo Lena og systkini hennar fái þörfum sínum mætt. M.a. erum við búin að panta hjólastól og mæðgurnar fá að hitta lækni tvisvar í viku sér að kostnaðarlausu. Nánar er fjallað um þetta verkefni á bls. 10-13.

Í vettvangsheimsókn minni til Bissá sl. febrúar heimsótti ég mæðgurnar og aðrar fjölskyldur sem við erum að hjálpa til sjálfshjálpar. Ég fékk mjög fljótt þá mynd að hér væri verið að vinna gott hjálparstarf þar sem öll gögn málsins voru uppi á borðinu. Ef eitthvað er þá var starfsfólk verkefnisins full upptekið af gegnsæi og er líklegasta ástæðan sú að annað slagið heyrast fréttir af spillingu í hjálparstarfi í þróunarríkjum.



Ég varði löngum tíma með starfsfólkinu og spurði út í ólíklegustu smáatriði verkefnisins. Ég fékk að vita hvað gengi vel en einnig hvað gengi ekki nógu vel og tók þátt í því með starfsfólki verkefnisins að gera bragarbætur á því sem betur mátti fara.

Við Íslendingar getum verið mjög ánægðir með aðkomu okkar að þessu verkefni. Sárafátækar barnafjölskyldur fá nú tækifæri lífs síns og eygja von um fjárhagslegt sjálfstæði og frelsi frá örbirgð.

Hvort sem þú styrkir Lenu og aðra skjólstæðinga Fjölskylduefingar, ákveðið barn í barnaþorpi, ákveðið þorp eða starf samtakanna með öðrum hætti getur þú verið þess fullviss að þín hjálp kemst til skila og breytir lífi barna sem annars byggju við sára neyð.

Við getum ekki hjálpað öllum, því miður. En þá sem við hjálpum þekkjum við vel, aðstæður viðkomandi, nafn og þarfir. Mæðgurnar Alda og Lena eru dæmi um það. Og með þinni hjálp getum við veitt þeim og miklu fleiri nauðsynlega aðstoð. Ekki bara eina máltíð heldur árangursríka aðstoð til sjálfshjálpar og björgun frá sárafátækt.

Takk fyrir stuðninginn!
Ragnar Schram



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ulla Magnússon
Ritstjóri: Ragnar Schram
Heimilisfang:
SOS Barnaþorpin | Hamraborg 1 | 200 Kópavogi
Sími: 564 2910
sos@sos.is | www.sos.is

Umbrot: Pixel ehf
Prentun: Oddi
Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Forsíðumynd: Stúlka í SOS Barnaþorpinu í Medan á Indónesíu faðmar SOS-móður sína. Ef ljósmyndara er ekki getið er myndin úr myndasafni SOS.

MYNDIR ÚR **SOS** **BARNABORPUNUM**



Börn í úthverfi Port-au-Prince á Haítí fá heita máltíð í samfélagsmiðstöð SOS Barnabörpanna.



Er hún að hvísla að honum eða undirbúa einn góðan koss? Tveir góðir vinir í SOS Barnabörpinu í Dar Bouazza í Marokkó.




Heimanám getur verið skemmtilegt! Þessi stúlka býr í SOS Barnabörpinu í Borovljany í Hvíta Rússlandi.



Þetta litla barn býr á ungbarnaheimili SOS í Pristina í Kósóvó. Þangað er komið með yfirgefin börn undir þriggja ára aldri og þar búa þau við hlýju og góðan aðbúnað þar til fagfólk hefur fundið þeim góð heimili.



SOS-móðir í Vientiane í Laos horfir á eftir börnum sínum í skólann.



Þessir ungu herra menn stunda nám í bifvéla virkjun við verknámsskóla SOS í Dhaka í Banglades.



Hermann Gmeiner tekur á móti hrísgrjónum frá suðurkóreönskum dreng

HRÍSGRJÓNID SEM VARÐ AÐ BARNAPORPI

SOS Barnaporpin í Suður Kóreu 50 ára

Suður Kórea 1963: Hermann Gmeiner stofnandi SOS Barnaporpanna var í heimsókn. Lítill drengur að nafni Kim var á vappi í kringum Hermann. Kim gaf honum eitt hrísgrjón sem hann fann í vasa sínum.

Þessi fundur suðurkóreanska drengsins Kim og stofnanda SOS, Hermann Gmeiner, í S-Kóreu árið 1963 varð upphafið að einni árangursríkustu fjáröflun samtakanna (og þó víðar væri leitað) fyrr og síðar. Í ár eru 50 ár liðin frá þessum atburði.

Í Kóreu eru hrísgrjón tákn heilsu, friðar, langlífis og gæfu. Hermann fékk fleiri hrísgrjón í ferðinni og snéri aftur heim til Evrópu með fullan sekk af

hrísgrjónum. Milljónir evrópskra heimila fengu síðan sent heim til sín eitt hrísgrjón ásamt beiðni um framlag svo hægt yrði að byggja fyrsta SOS Barnaporpið utan Evrópu, þ.e. í Daegu í S-Kóreu.

Fjáröflunin gekk vonum fram og framkvæmdir hófust þetta sama ár. Fyrstu íbúar barnaporpsins eru löngu orðnir fullorðnir og líka kynslóðin þar á eftir. Í dag búa 80 umkomulaus börn í barnaporpinu og því miður er enn rík þörf í landinu fyrir kærleiksrík úrræði umkomulausum börnum til handa þar sem þúsundir barna alast upp foreldralaus við slæmar aðstæður.



Hermann, börnin og hrísgrjónin.



SOS Barnaporpið í Daegu: Fyrsta barnaporpið sem byggt var utan Evrópu.

STUÐTAR FRÉTTIR



Nýtt SOS Barnaþorp í Eþíópíu

Í mars var nýtt barnaþorp formlega tekið í notkun í bænum Jimma í Eþíópíu. Þetta er sjöunda SOS Barnaþorpið í landinu. Í þorpinu geta búið allt að 150 börn sem öll eiga það sameiginlegt að geta ekki notið samvista við foreldra sína. Samhliða skólanum var byggður SOS-grunnskóli fyrir 640 nemendur í 1.-8. bekk. Einnig standa samtökin fyrir Fjölskyldueflingu meðal sárafátækra barnafjölskyldna í nágrenni barnaþorpsins.

Tónleikar á Hellu

Í lok síðasta árs hélt söngkonan Írena Víglunds dóttir styrktartónleika á Hellu fyrir SOS Barnaþorpin. Framlagið, kr. 477.500 fer í endurbætur á niðurníddu barnaþorpi á Haftí (sjá bls. 8). Tónleikarnir kölluðust „Jólagjöfin“ og voru haldnir sunnudaginn 16. desember í menningarheimilinu á Hellu. Til stóð að halda eina tónleika en þegar uppselt varð á þá í forsölu ákvað Írena að halda aukatónleika síðar um daginn. Miðar á síðari tónleikana seldust einnig upp.

SOS Barnaþorpin þakka Írenu og öllum þeim sem lögðu henni lið á tónleikunum eða gáfu framlag í söfnun hennar.



Írena afhendir Ragnari Schram framkvæmdastjóra SOS Barnaþorpanna á Íslandi afrakstur söfnunarinnar

BCG

THE BOSTON CONSULTING GROUP

Endurskoðun á skipulagi alþjóðasamtaka SOS

Í fyrra fengu alþjóðasamtök SOS Barnaþorpanna ráðgjafafyrirtækið Boston Consulting Group (BCG) til að vinna ítarlega úttekt á skipulagi samtakanna en BCG vann þessa vinnu svo að segja ókeypis. Starfsfólk SOS um allan heim kom einnig að úttektinni. Niðurstöður liggja nú fyrir og hefur yfirstjórn SOS samþykkt að framkvæma þær breytingar á skipulagi samtakanna sem BCG leggur til. Markmiðið er að gera starf samtakanna árangursríkara og auka „nálægð“ aðildarlandanna en þau eru nú 133. Niðurstöðunum hefur almennt verið mjög vel tekið.



Börn að leik við eitt húsið



Eins og sjá má hefur þorpið mjög látið á sjá



ENDURBÆTUR Á HAÍTÍ

SOS Barnaþorpið Santo í útjaðri Port-au-Prince hefur verið starfrækt frá árinu 1984. Þar hafa fjölmörg munaðarlaus börn eignast SOS-móður og heimili og átt góða æsku áður en þau svo urðu fullorðin og flugu úr hreiðrinu. Barnaþorpið hefur því látið á sjá eftir stanslausu notkun í um þrjú áratugi og þörfin fyrir endurbætur orðin mjög aðkallandi.

Í janúar 2010 varð svo jarðskjálftinn öflugur sem setti líf allra Haítíbúa úr skorðum. Fjölmörg börn urðu munaðarlaus á einu andartaki og lífið í Santo gjörbreyttist. Fyrir jarðskjálftann bjuggu 190 börn í barnaþorpinu en ekki leið á löngu þar til um 500 börn áttu þar athvarf og heimili. Eins og gefur að skilja jókst álagið ekki bara á börnin og starfsfólkið heldur einnig á byggingar, leiktæki og alla aðstöðu barnaþorsins.

Nú er svo komið að endurbætur þola ekki lengri bið. Taka þarf barnaþorpið í gegn ef tryggja á börnunum mannsæmandi aðstæður og öryggi.

Utánríkisráðuneyti Íslands hefur ákveðið að koma að endurbótum á barnaþorpinu með 11.9 milljóna króna framlagi gegn móttframlagi frá SOS Barnaþorpinum á Íslandi að upphæð 5.1 milljón. Móttframlagið mun samanstanda af ýmsum framlögum, t.d. greiddum



Hluti af endurbótunum er að setja upp þvottaaðstöðu inni í húsunum en hingað til hafa þau störf verið unnin í vaski fyrir aftan hvert hús

valkröfum í heimabanka, sölu á jólakortum, frjálsum framlögum, framlögum fyrirtækja og framlagi söngkonunnar Írenu Víglunds-dóttur sem safnaði nærri hálfri milljón króna til verkefnisins með tónleikum sl. vetur.

Endurbæturnar fela m.a. í sér að:

- Salernisaðstaðan verður bætt þannig að hvert hús hafi þrjú salerni (10 börn á hverju heimili)
- Þvottaaðstöðu bætt við hvert hús

- Lagðar verða nýjar gólf- og veggflísar í eldhúsum
- Skolp- og vatnsleiðslur endurnýjaðar
- Lekaskemmdir í loftum lagfærðar og þök gerð vatnsheld
- Eldhúsinnréttingar og fataskápar endurnýjuð
- Viðgerðir á gluggum og hurðum
- Allir veggir málaðir
- Allt rafmagn endurnýjað.

Pú ræður ...

***... en aðeins efaðrir
vita hvað þú vilt.***

***Hefur þú skoðun á því
hvað verður um eignir
þínar að þér gengnum/
genginni?***

***Eigir þú ekki lögerfingja getur þú með
erfðaskrá ráðstafað öllum eigum
þínum að vild. Sé engin erfðaskrá
gerð renna eignir þínar til ríkissjóðs.***

***Ef þú átt lögerfingja getur þú
ráðstafað þriðjungji eigna þinna með
erfðaskrá.***

Aðalatriðið er að þinn vilji verði.

***EN HVER ER ÞINN VILJI?
Þú gætir t.d. stuðlað að betri æsku
munaðarlausra og yfirgefina barna
í fátækustu ríkjum heims eftir þinn
dag.***

***Viljir þú skoða þessi mál nánar
hvetjum við þig til að leita til
lögmanns. Við getum bent þér á
lögmennt sem veita sérkjör á þjónustu
sinni vilji einstaklingur minnst SOS
Barnaporpanna í erfðaskrá sinni.
Nánari upplýsingar á skrifstofu SOS
Barnaporpanna í síma 564 2910.***



**SOS
BARNAPORPIN**
Öll börn vilja gott heimili



Margir skjólstæðingar (aðallega konur) eru tilbúnar til að leggja á sig talsverða vinnu til að læra að lesa.

HVERNIG HJÁLPAR MAÐUR SÁRAFÁTÆKUM TIL SJÁLFSHJÁLPAR?

– Íslendingar með útrétta hjálparhönd

Ímyndaðu þér að þú værir einstæð fjögurra barna móðir í fátæku Afríkuríki. Þú getur ekki mætt þörfum barna þinna. Þau fá í mesta lagi eina máltíð á dag; yfirleitt það sama. Þau fá enga lækniástoð þegar á þarf að halda, sækja ekki skóla vegna þess að þú hefur ekki ráð á skólabúningum og hreinlæti í litlu eins herbergis kytrunni ykkar er vægast sagt ábótavant.

Við látum liggja milli hluta hvort þú greiðir fyrir leiguna með vændi eða með öðrum hætti.

Þér finnst þessi lýsing kannski svakaleg. Hún er engu að síður í nokkru samræmi við aðstæður milljóna fjölskyldna víða um heim. Börn sem búa við slíkar aðstæður eru í margs konar áhættuhópum. T.d. eiga þau á hættu að fjölskyldan sundrist og að þau neyðist til að leita út fyrir heimilið til að fá grunnþörfum sínum mætt.


En mundu, þú ert að ímynda þér að þú sért einstæð móðir í Afríku. Til þín kemur fólk merkt SOS Barnaþorpunum. Það talar sama tungumál og þú og býr í sömu borg. Það þekkir aðstæður jafn vel og þú. Fólkið segist vilja hjálpa þér og gera við þig samning. Það segir að ef þú sért tilbúin að leggja svolítið á þig og farir eftir

samningnum ættir þú að vera komin með vinnu og reglulegar tekjur eftir 2-3 ár og geta mætt grunnþörfum barna þinna. Þér er boðið að losna úr fátæktar-gildrunni.

Þetta er raunsönn lýsing á Fjölskylduefingu SOS.

Með hjálp Skjólvína, utanríkisráðuneytisins og frjálsra framlaga SOS vina höfum við nú tekið að okkur að hjálpa 59 sárafátækum barnafjölskyldum í smáríkinu Gíneu Bissá á vesturströnd Afríku. Landið er eitt það fátækasta í heimi og áður en við höfum aðstoðina gerðum við úttekt í fátækrahverfum höfuðborgarinnar Bissá á því hvaða barnafjölskyldur væru verst staddar og í mestri hættu á að sundrast vegna fátækar.

Íbúar á staðnum tóku okkur vel og



SOS Barnaporpin eru með starfsemi á þremur stöðum í Gíneu Bissá.

bentu á þær fjölskyldur sem helst þurftu á hjálp að halda. Eftir ítarlega úttekt á aðstæðum fjölda fjölskyldna ákváðum við að hjálpa þeim 200 börnum sem verst voru talin stödd. Börnin tilheyra 59 fjölskyldum og fyrir flestum þeirra fara einstæðar, atvinnulausar mæður. Ráðgert er að tvöfalda fjölda skjólstæðinga á næstunni.

Þessi börn og foreldrar þeirra eru í hópi yfir 400 þúsund skjólstæðinga Fjölskylduefingar víða um heim sem verið er að hjálpa til sjálfshjálpar. En hvernig?

Hjálpin fer þannig fram að ráðgjafar SOS heimsækja fjölskyldurnar og útbúa áætlun í samráði við foreldrana. Áætlunin tekur mið af aðstæðum, þekkingu og hæfileikum hvernar fjölskyldu og tilgreinir í smáatriðum leið hennar til fjárhagslegs sjálfstæðis. Áætlun getur t.a.m. innihaldið eftirtalin atriði:

- Algengt er að börnin séu ekki í skóla og þá er byrjað á því að skrá börn til náms.
- Tímabundnar matvælagjafir eru algengar til að byrja með.
- Læknir SOS skoðar alla fjölskyldumeðlimi reglulega og ef einhver þarf á frekari heilbrigðisþjónustu að halda fær hann hana.
- Ef foreldrar eru ólæsir er þeim boðið á lestrarnámskeið.
- Foreldrum er kennt hvernig stofna á og reka lítið einkafyrirtæki.
- Foreldrarnir gera viðskiptaáætlun sem starfsfólk SOS hjálpar þeim svo að fylgja eftir, t.d. með örláni og frekari námskeiðum.
- Foreldrar og börn fá fræðslu um réttindi sín.
- Foreldrar og börn fá fræðslu um hreinlæti og næringu.
- Foreldrum og börnum býðst

ráðgjöf lögfræðinga og sálfræðinga ef á þarf að halda.

- O.fl. o.fl.

Starfsfólk SOS heimsækir hverja einustu fjölskyldu að lágmarki tvisvar í mánuði til að fylgja aðstoðinni eftir, svara spurningum, hvetja og ráðleggja frekar.

Markmiðið er alltaf það sama: **Að hver einasta fjölskylda sjái tilgang í því að leggja eitthvað á sig til að bæta eigin hag og standa uppi að lokum sem fjárhagslega sjálfstæð fjölskylda sem getur mætt þörfum allra í fjölskyldunni – án utanaðkomandi hjálpar.**

Ein þessara 59 fjölskyldna er fjölskyldan hennar Cörlu*. Carla er 37 ára einstæð móðir með átta börn. Fjölskyldan býr í einu herbergi og á eitt rúm. Þegar Carla missti eiginmann sinn fyrir átta árum átti hún þrjú börn. Mágur hennar erfði hana svo sem



Carla og fjölskylda hennar eru að vinna í sínum málum og standa sig vel.

eiginkonu í samræmi við hefðir á staðnum og eiga þau saman tvö börn. Í raun er Carla þó einstæð móðir. Í fyrra tók hún svo að sér tvö börn systur sinnar eftir að sú lést. Áttunda og yngsta barnið á framfæri Cörlu er svo barnabarn hennar.

Áður en Carla fékk stuðning Fjölskylduefingar SOS gat hún ekki brauðfætt öll börnin. Yfirleitt fengu þó allir eina máltíð á dag – en ekki alltaf.

Carla gerði samning við SOS (eins og aðrir skjólstaðingar) og samkvæmt honum er unnið eftir ákveðinni áætlun sem sniðin er að þörfum hennar og tryggja á að hún geti mætt þörfum allra barnanna eftir ákveðinn tíma.

Carla hefur sótt námskeið í tekjuöflun og fengið vaxtalaust örlán sem gerði henni kleift að stofna lítið fyrirtæki. Reksturinn hefur gengið vel og er hún þegar

byrjuð að greiða af láninu í samræmi við áætlanir.

Starfsfólk SOS heimsækir Cörlu reglulega og fylgist með þróun mála. Vandamál sem upp kunna að koma eru rædd og í sameiningu fundin á þeim lausn.

Fjölskylduefing SOS er tækifærið sem Carla hafði verið að biða eftir og hún er bjartsýn á framtíðina. Hún fær alla þá hjálp sem hún þarf, ókeyppis ráðgjöf, vaxtalaust örlán, eftirfylgni og hvatningu. Áður en langt um líður ætti hún að vera komin með reglulegar tekjur og geta séð fyrir þörfum allra í fjölskyldunni án utanaðkomandi aðstoðar.

Alda* er annar skjólstaðingur Fjölskylduefingar í Bissá. Hún er einstæð fjögurra barna móðir. Níu ára dóttir hennar Lena veiktist fyrir nokkrum árum og í dag er hún mjög fötlud; getur hvorki talað né gengið. Hún liggur í fleti

í þínulitlu húsnæði sem fjölskyldan leigir í einu af fátækari hverfum borgarinnar.

Skammt frá húsinu er skilti sem á stendur að í hverfinu vinni SOS Barnaþorpin að þróunarverkefni með stuðningi frá Íslandi.

Þetta veit Alda og hún er mjög þakklát fyrir aðstoðina sem hún fær. Hún gerir sér grein fyrir því að hún mun ekki fá hlutina upp í hendurnar heldur mun hún þurfa að hafa fyrir þeim. En án aðstoðar Fjölskylduefingar væru hún og börn hennar á köldum klaka.

Alda sækir lestrarnámskeið og fylgir eftir viðskiptaáætluninni sem hún gerði með starfsfólki SOS. Hún felst í því að Alda kaupir kol úti á landi, flytur þau til höfuðborgarinnar og selur svo í smáskömmtum með álagningu. Í byrjun fékk hún vaxtalaust örlán eins og aðrir skjólstaðingar og henni gengur vel að borga það niður.

Alda er ótrúlega dugleg kona. Hún vinnur hörðum höndum með



Skilti í Bissá sem segir að SOS Barnaþorpin á Íslandi séu að hjálpa illa stöddum fjölskyldum í hverfinu.



Alda og fötluð dóttir hennar.

SOS að fjárhagslegu sjálfstæði fjölskyldu sinnar og til að létta henni og fatlaðri dóttur hennar lífið höfum við nú pantað hjólastól frá Senegal. Það verður gaman að sjá viðbrögðin þegar þessari dugnaðarkonu verður færður stóllinn og dóttirin þarf ekki lengur að liggja kyrr heima fyrir öllum stundum.

Fjölskyldueflingin og Alda eru á góðri leið með að bæta hag fjölskyldunnar til frambúðar.

En Fjölskylduefling okkar í Bissá er engin töfralausn. Hún er úthugsuð aðferð til að hjálpa þeim fátækustu og til að hún geti borið tilætlaðan árangur þarf margt að koma til:

- Íslensk yfirvöld og styrktaraðilar okkar þurfa að standa með okkur fjárhagslega.
- Starfsfólk okkar í Bissá þarf að vinna hörðum höndum við erfiðar aðstæður og styðja dyggilega við bakið á fjölskyldunum sem sjá ekki alltaf fram úr erfiðleikum sínum.
- Hópur sjálfbodaliða sem

Þú getur gerst Skjólvinur SOS og hjálpað þannig fjölskyldunum í Gíneu Bissá til sjálfshjálpar. Mánaðarlegt framlag þitt getur verið allt frá kr. 1.000.

Vertu með!

www.sos.is

hjálpur til við verkefnið með lestrarkennslu, námskeiðahaldi, íþróttaviðburðum, húsvitjunum o.fl. þarf að sjá tilgang í að leggja verkefninu lið og vera í góðu sambandi við skjólstæðinga og starfsfólk SOS.

- Svæðisskrifstofa SOS fyrir NV-Afríku þarf að fylgjast vel með verkefninu og vera í góðu sambandi við starfsfólk þess í Bissá og halda vel utan um allar upplýsingar og tölfræði svo við á Íslandi getum séð hvernig verkefninu miðar hverju sinni.
- Skjólstæðingar verkefnisins þurfa að halda áfram að vinna

með okkur að fjárhagslegu sjálfstæði og gefast ekki upp þó á móti blási.

- O.fl. o.fl.

Eins og sjá má gerast hlutirnir ekki að sjálfu sér. Það er mikil vinna í því fólgin að eyða fátækt. En ef verkefnið gengur vel ættu flestar fjölskyldnanna 59 að geta mætt þörfum sínum án utanaðkomandi aðstoðar eftir örfá ár.

Sem stendur bendir ekkert til annars en að verkefnið muni skila ríkulegum árangri.

**Við höfum breytt nöfnum skjólstæðinga vegna persónuverndar.*

Samstarf SOS Barnaporpanna með íslenskum fyrirtækjum

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja og stofnana, hefur verið talsvert í umræðunni hér á landi síðustu misserin. Þessi umræða er svo sem ekki ný af nálinni, en í kjölfar efnahagshrunsins hefur verið kallað eftir nýrri framtíðarsýn og nýjum gildum jafnt í einkarekstri sem og hjá hinu opinbera. Krafist hefur verið nýrra og bættra stjórnunarháttanna með áherslu á gegnsæi, heiðarleika og trúverðugleika. Markmiðið er bætt siðferði og meiri ábyrgð.

Samfélagsleg ábyrgð er sú ábyrgð sem fyrirtæki ákveða að takast á hendur gagnvart starfsfólki, umhverfi sínu og viðskiptavinum og eru skuldbindingar umfram það sem ákveðið er og niðurnjörvað í kjarasamningum, lögum og/eða reglugerðum. Fyrirtæki eru háð eigendum sínum, starfsfólki sínu, neytendum og birgjum og aðrir hagsmunaaðilar hafa líka beinan og óbeinan

hag af því hvernig fyrirtækinu vegnar. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækis merkir í rauninni að fyrirtækið er reiðubúið að leggja sitt af mörkum til að efla og stuðla að bættu samfélagi.

Almennt er talið að rík samfélagsábyrgð styrki samkeppnishæfni fyrirtækja og geti þannig haft jákvæð áhrif á afkomu. Þátttaka starfsfólks jafnt og stjórnenda er mikilvægur þáttur í því að góður árangur náist.

ÍMYND FYRIRTÆKJA OG SKÝR STEFNA Í SAMFÉLAGSMÁLUM

Könnun sem gerð var í Þýskalandi árið 2008 leiddi í ljós að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er ein

af lykilástæðum fyrir merkja- og viðskiptatryggð almennings. Alþjóðlegt vörumerki SOS Barnaporpanna er eitt af best þekktu vörumerkjum Þýskalands samkvæmt þessari könnun. Starfsemi samtakanna hér á landi er mjög vel þekkt og má með sannni segja að það sé leitun að traustari samstarfsaðila í alþjóðlegum samfélagsverkefnum.

Talið er að markaðurinn, þ.e.a.s. neytendur, birgjar og aðrir hagsmunaaðilar, verðlauni fyrirtæki sem sýna ábyrgð, ábyrga stjórnunarhætti, gegnsæi og markvissar fjárfestingar í samfélagsvænum málum.



SAMSTARF SOS BARNAÞORPANNA VIÐ ÍSLENSK FYRIRTÆKI

Íslensk fyrirtæki hafa fyrir löngu komið auga á að hagur er af því að taka þátt í samstarfi við öflug alþjóðleg hjálparsamtök á borð við SOS Barnaþorpin. SOS Barnaþorpin voru stofnuð fyrir 64 árum og eru með starfsemi í 133 löndum. Á vegum samtakanna eru nú rekin yfir 500 barnaþorp í öllum heimsálfum. Samtökin eru langstærstu hjálparsamtök í heiminum á sínu sviði. Starfsemi samtakanna hér á landi hófst árið 1989.

SOS Barnaþorpin á Íslandi hafa undanfarin ár leitað eftir samstarfi við íslensk fyrirtæki um fjármögnun á skilgreindum verkefnum í þróunarlöndunum. Flest þessi verkefni tengjast viðhaldi, rekstri og uppbyggingu, t.a.m. endurbyggingum á barnaþorpum. Stundum er þó um að ræða beina fjárhagsaðstoð við barnafjölskyldur sem eru að berjast við að standa á eigin fótum og geta það ekki nema með utanaðkomandi aðstoð. Þetta nefnum við „fjölskylduefningu“ og þau fyrirtæki sem taka þátt í þessum sérskilgreindu verkefnum með SOS verða sjálfkrafa „skjólvinir“ SOS. Öll framlög skjólvina renna beint og óskipt til skilgreindra verkefna.

ÁTAKSVERKEFNI Í GÍNEU BISSÁ

Á þessu ári vinna SOS Barnaþorpin á Íslandi að fjölskylduefningu í ríkinu **Gíneu Bissá í Vestur-Afríku**. Þar hafa SOS samtökin tekið að sér að aðstoða um 400 börn og fjölskyldur þeirra næstu árin. Samtökin líta svo á að fjölskyldan sé mikils virði og best sé fyrir börn að geta alist upp með kynforeldrum sínum og systkinum, ef hægt er. Aðstæður fjölmargra fjölskyldna eru hins vegar þannig, að þær neyðast til að láta börnin frá sér vegna fátæktar og

heilsubrests. Við slíkar aðstæður taka yfirvöld börnin og koma þeim fyrir á stofnunum. Í mörgum tilfellum reyna börnin að flýja bágar aðstæður og enda þá oftast á götunni þar sem þau reyna að bjarga sér með betli og jafnvel vændi.

Markmið fjölskylduefningar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína og hjálpa foreldrunum að mæta þörfum barnanna. **Fjölskylduefningin** er sá þáttur í starfi SOS Barnaþorpanna sem **vex hraðast**. Við þurfum virkilega á dyggilegri aðstoð íslenskra fyrirtækja að halda til að geta haldið þessu starfi áfram.

starfsmannafélög standi fyrir þátttöku í samfélagsverkefnum og hafi milligöngu um að vinnuveitandi leggi til mótframlag á móti framlagi starfsmanna. Dæmi eru um að slíkt samstarf hafi staðið í áraraðir með góðum árangri fyrir bæði hjálparsamtökin og viðkomandi fyrirtæki.

STERKARI SAMFÉLAGSLEG ÍMYND

SOS Barnaþorpin leggja áherslu á að þau fyrirtæki, sem ganga til samstarfs við samtökin, sjái sér hag af þátttöku með því stuðla að sterkari samfélagslegri ímynd fyrirtækisins.

Öll kynning er samkomulagsatriði

Samfélagsleg meðvitund




Þátttaka í samfélagsverkefnum getur bætt starfsanda á vinnustað, aukið samfélagsvitund fólks, aukið traust viðskiptavina á fyrirtækinu og þannig hjálpað í samkeppni á markaði.

SOS Barnaþorpin á Íslandi hafa ákveðið að verja árlega næstu 3 árin andvirði € 112.000, á gengi nú um 17,7 milljónir ISK, í fjölskylduefningu í Gíneu Bissá. Langalgengast er að fyrirtæki leggi fram 5 til 10 þúsund krónur á mánuði, í t.d. 18 mánuði, en það eru hvorki lágmörk né hámarks fjárstyrkjum í þetta verkefni. Hver um sig ákveður fjárhæðina og styrkir eftir efnunum og aðstæðum. Víða erlendis hefur tíðkast að

og fer að vissu marki eftir fjárhæðum og samningum um hvernig samstarfinu verður hagað. SOS Barnaþorpin munu kynna samstarfið í Fréttablaði og aðilar geta haft gagnkvæmt skipti á vörumerkjum á heimasíðum sínum með sérstöku samkomulagi þar um.

Nánari upplýsingar fást hjá Arnóri H Arnórssyni verkefnastjóra í síma 564-2910 og með tölvupósti til arnor@sos.is



Í dag er talið að um 15 milljónir munaðarlausra barna búi í heiminum. Þ.e. börn sem eiga hvorki mömmu né pabba á lífi.

Ef þessi börn myndu raða sér upp og leiðast hönd í hönd meðfram vegi og þú myndir aka eftir honum á 60 km. hraða, myndi það taka þig 208 klst. að aka meðfram allri röðinni.

Pegar þú gerist styrktarforeldri á www.sos.is tekur þú eitt þessara barna út úr röðinni – og í fangið.



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili